

talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 400.00.

Dráttur sá, sem orðið hefur á rekstri máls þessa, stafar af fjarvist vitna og önnur rannsóknardómarans. Rekstur málsins hefur því verið vitalaus.

**D ó m s o r ð :**

Ákærði Sveinbjörn Þórhallsson sæti varðhaldi í 3 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa að telja sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. nóvember 1848.

Nr. 104/1947. **Fiskur & Ís h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius)  
gegn

**Tómasi M. Guðjónssyni**

(Hrl. Gunnar J. Möller).

Skuldamál.

**Dómur hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. september 1947, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda kr. 1672.96 án vaxta. Hvor krafan, sem tekin kann að verða til greina, krefst hann málskosnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, sem sendi fisk til útlanda og átti að skila honum á skipsfjöl, sbr. 62. gr. laga nr. 39/1922, hefur ekki fært fram nein rök fyrir því, að hann eigi samkvæmt venju eða af öðrum ástæðum að vera undanþeginn greiðslu út-

skipunargjalds. Hann hefur ekki heldur sýnt fram á, að útskipunargjaldið sé óhæfilega hátt reiknað. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem með tilliti til málsatvika þykir hæfilega ákveðinn 1200 krónur.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Fiskur & Ís h/f greiði stefnda Tómasi M. Guðjónssyni 1200 krónur í málskostnað í hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. júlí 1947.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., er höfðað af Tómasi M. Guðjónssyni kaupmanni, Vestmannaeyjum, fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja, samkvæmt heimild í 82. grein laga nr. 85 frá 1936, með stefnu útgefinni 4. nóvember 1946, birtri 5. sama mánaðar, á hendur stjórn Fisks & Íss h/f í Vestmannaeyjum, fyrir hönd félagsins, þeim Magnúsi Guðbjartssyni framkvæmdarstjóra, Kirkjuvegi 26, Vestmannaeyjum, Sigríði Benónýsdóttur, sama stað, og Ólafi B. Kristjánssyni, Reykjavík, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 4268.00, vegna útskipunar á fiski, auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá stefnudegi, 4. nóvember 1946, til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði tildæmdur málskostnaður.

Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning yfir kröfu sína. Ræðir hann um gjald fyrir útskipun á fiski frá hraðfrystihúsi stefnda, 14 262 kassa í s/s Spica 1. nóv. 1944, í sama skip 19 665 kassa 1. okt. 1945 og í m/s Nieuwaal 3145 kassa 1. sept. 1946. Reiknar stefnandi sér kr. 0.25 fyrir hvern kassa, og nemur heildarupphæðin kr. 9268.00. Inn á reikninginn hefur stefndi greitt kr. 5000.00 hinn 20. júlí 1945. Eftirstöðvarnar, kr. 4268.00, er stefnukrafa málsins.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi engan rétt á neinni greiðslu úr sinni hendi vegna útskipunar fisksins. Kveðst hann sjálfur hafa annazt um flutning fisksins niður að skipshlið og látið festa stroffunum utan um kassana í skipskrókana. Þar með hafi varan verið komin í hendur farmflytjanda og hann sjálfur búinn að fullnægja sinni skyldu, því allur fiskurinn hafi verið seldur fob. Allur kostnaður eftir það við að koma fiskinum um borð, sé

Því sér með öllu óviðkomandi. Greiðsluna inn á reikninginn kveðst stefndi hafa innt af hendi fyrir nauðung. Þar sem stefnandi, er var umboðsmaður skipanna, hafi neitað að veita fiski frá honum mót-töku, nema því aðeins að greiðslan færi fram. Kveðst stefndi þá ekki hafa séð sér annað fært en greiða, til þess að missa ekki af afskipun. Telur hann, að umrædda upphæð eigi hann rétt á að fá endurgreidda af stefnanda.

Stefnandi heldur því hins vegar fram, að þótt fiskurinn hafi verið seildur fob., hafi stefnda ekki einungis borið að flytja fiskinn að skipshlið, heldur hafi honum einnig borið að sjá um að koma vörunni í skipið. Þetta kveðst stefnandi hafa séð um fyrir hans hönd og lagt til og greitt kaup 5 starfsmanna í því skyni, eða 1 talningsmanns, 1 lúgumanns, 1 spilmanns og 2 gertamanna. Gjaldið, er stefnandi reiknar sér fyrir þetta, kr. 0.25 pr. kassa eða ca. 10 kr. pr. tonnið, kveður hann hið sama og afgreiðsla Eimskipafélags Íslands hér á staðnum taki fyrir sama starf, en mun lægra en annars staðar tíðkast á landinu. Hefur hann í því sambandi lagt fram vottorð, annað frá Ásgeiri Danielssyni skipaafgreiðslumanni, Keflavík, en hitt frá Einarsson & Zoëga & Co., Ltd., Reykjavík. Segir í vottorðum þessum, að útskipunargjald af hraðfrystum fiski, komnum að skipshlið, nema kr. 16.00 pr. tonnið. Einnig hefur stefnandi lagt fram vottorð frá afgreiðslu Eimskipafélags Íslands í Vestmannaeyjum, og er þar skýrt svo frá, að á undanförunum árum hafi afgreiðslan oft annazt um útskipun á hraðfrystum fiski fyrir stefnda, og hafi stefndi greitt í útskipunargjald af fiskinum, komnum að skipshlið, kr. 0.25 pr. kassa, enda sé það föst venja á staðnum, að farmsendandi greiði útskipunargjald, hvort sem um er að ræða fob-sölu eða cif-sölu. Stefndi hefur ekki mótmælt vottorðum þessum sem óstaðfestum. Þá hefur stefnandi lagt fram símskeyti frá Magnúsi Guðbjartssyni framkvæmdarstjóra og aðaleiganda hins stefnda félags, dags. 12. ágúst 1946, að því er virðist skömmu áður en útskipun í m/s Nieuwaal hófst. Skeytið er til stefnanda og hljóðar á þessa leið: „Geri yður ábyrgan, ef þér neitið að afgreiða fisk frá Fiskur & Ís. Afgreiðslugjaldið verður greitt að lokinni útskipun.“ Stefndi hefur ekki borið á móti, að skeyti þetta hafi verið sent, en hins vegar hefur hann haldið því fram, að loforðið í skeytinu um greiðslu afgreiðslugjaldsins sé ekki bindandi, þar sem það sé gefið vegna nauðungar, eins og fram komi í skeytinu. Og í öðru lagi sé það forsenda greiðsluloforðsins, að afgreiðslugjaldið eða útskipunargjaldið sé réttmæt krafa, en svo sé ekki.

Samkvæmt lögum um lausafjárkaup frá 16. júní 1922 hefur fob-seljandi ekki fullnægt afhendingarskyldu sinni fyrr en varan er komin á skipsfjöl, sjá 62. gr., sbr. 10. og 17. gr. Afhending að skipshlið nægir því ekki, heldur inn fyrir skipshliðina. Framlögð vottorð, sem áður er að vikið, gefa til kynna, að engin venja hafa myndazt hér, er hafi breytt þessari reglu. Virðist því ljóst, að stefnandi

hafi leyst af hendi starf í þágu stefnda með því að annast um útskipun fisksins frá skipshlíð um borð. Gjaldið, sem hann reiknar sér, er hið sama, sem tíðkast hér á staðnum, og öllu lægra en sums staðar annars staðar á landinu. Þá er það og upplýst, eins og að framan getur, að stefndi hefur greitt inn á stefnureikninginn og síðan gefið loforð um greiðslu, og þykir ekki unnt að fallast á, að slíkt hafi hann gert vegna ólögmatrar nauðungar frá stefnanda hendi. Að öllu þessu athuguðu þykir bera að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefnda til þess að greiða honum hina umstefndu upphæð, kr. 4268.00, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 4. nóvember 1946, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

**Því dæmist rétt vera:**

Stefndu, Magnús Guðbjartsson, Sigríður Benónýsdóttir og Ólafur B. Kristjánsson f. h. Fisks & Íss h/f, greiði stefnandanum Tómasi M. Guðjónssyni kr. 4268.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. nóvember 1946 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. nóvember 1948.

Nr. 20/1947. **Sigurjón Pétursson** (Hrl. Guttormur Erlendsson) gegn

**Níelsi Guðmundssyni og gagnsök**

(Hrl. Hermann Jónasson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Galli á sáttatilraun. Ómerking málsmeðferðar og dóms.

**Dómur hæstaréttar.**

Dómkröfur aðaláfrýjanda í héraði hafa eigi verið lagðar fyrir sáttamenn, enda þótt ekki hafi verið heimild til að ganga fram hjá sáttamönnum samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, sem krafizt hefur málskostnaðar úr hendi hans, kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.